



Akraneskaupstaður

## Vinnuferill mála hjá byggingarfulltrúa Akraness til beitingar dagsekta

Dagsektarákvæðum skal beitt þegar önnur úrræði hafa ekki gefist. Dagsektarákvæðum er beitt samkvæmt ákvæðum 210 gr. byggingarreglugerðar sem er eftirfarandi:

### **210. gr.**

#### ***Aðgerðir til að knýja fram úrbætur***

*210.1 Sinni aðili ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta er kr. 1.000.000, ein milljón, á dag miðað við byggingarvísitölu í janúar 1998. Hámarksfjárhæðin breytist í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni frá janúar næst á undan. Dagsektir renna í sveitarsjóð.*

*210.2 Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.*

Upphæðir dagsekta eru 3 flokkar og miðast við byggingavísitölu okt. 2008 sem er 447,70 stig og uppfærast eftir byggingarvísitölu útgefni frá Hagstofu Íslands hverju sinni. Fjórði flokkur er opinn og er ákvarðaður hverju sinni eftir umfangi efnis af skipulags- og byggingarnefnd Akraneskaupstaðar.

Eftirfarandi gjaldflokkar eru til viðmiðunar:

- Gjaldflokkur 5.000 kr./dagurinn:** Gervihnattadiskar, ólöglega staðsettir og án leyfis. Léleg umhirða húss og/eða lóðar. Annað af sambærilegu umfangi umbeðið af byggingarfulltrúa.
- Gjaldflokkur 10.000 kr./dagurinn:** Gámar án leyfis inn á lóðum og annars staðar. Trillur og bátar óleyfilega staðsettir. Annað af sambærilegu umfangi umbeðið af byggingarfulltrúa.
- Gjaldflokkur 20.000 kr./dagurinn:** Bygging hafin án leyfis. Ekki byggt eftir samþykktum uppdráttum. Bygging og lóð ekki fullfrágengin. Annað af sambærilegu umfangi umbeðið af byggingarfulltrúa.
- Gjaldflokkur:** Dagsektarupphæð sem skipulags- og byggingarnefnd ákveður hverju sinni eftir umfangi máls hverju sinni og sem sent er bæjarstjórn til samþykktar.





## Akraneskaupstaður

### Ferill dagsektarmála hjá byggingarfulltrúa Akraness:

- Byggingarfulltrúi skrifar bréf og bendir á það sem aflaga hefur farið hjá viðkomandi. Kynnir tillögu til úrbóta og setur inn tímaákvæði, dagsektir og gefur andmælafrest frá birtingu bréfs. Bréf skal sett í birtingarpóst.
- Birting hefur tekist til viðkomandi og tímafrestir skráðir í skráningarkerfi embættismanns.
- Andmælafrestur liðinn. Málið sett á dagskrá skipulags- og byggingarnefndar.
- Skipulags- og byggingarnefnd fer yfir andmæli og samþykkir aðgerðir.
- Bæjarráð samþykkir og staðfestir aðgerðir um tímafrest og dagsektarákvæði.
- Byggingarfulltrúi tilkynnir þolanda niðurstöðu með birtingarpósti.
- Birting tekst og tímafrestur skráður frá degi birtingar í vaktkerfi embættisins.
- Dagsektir byrja að falla. Reikningur gerður á tveggja vikna fresti.
- Uppboð eða fjárnám.


### Ferill vegna beitingar dagsekta

á grundvelli ákvæða byggingarreglugerðar nr. 441/1998

1	2	3	4	5	6	7	8	9
		Andmæla- frestur		Skipulags- og byggingar-nefnd samþykkja aðgerðir	Bæjarráð staðfestir samp. nefndar		Tíma-fresti til framkv. lýkur	Dagsektir telja
X- dagar	14 dagar frá birtingu	Y- dag	14 dagar		7 dagar	14-dagar	14 dagar	+++

Þannig samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 20. október 2008  
og í bæjarstjórn Akraness 28. október 2008.

Akranesi 28. október 2008



Jón Pálmi Pálsson, Bæjarritari